

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 58 ? 26.10.2005

Miðvikudaginn 26. október, árið 2005, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.30 í húsi Skagafjarðarveitna að Borgarteigi 15, Sauðárkróki.

Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Arnason og Einar Gíslason, Páll Pálsson veitustjóri og Árni Egilsson, sem ritaði fundargerð. Kristján Jónasson endurskoðandi sat fundin undir liðum eitt og tvö.

DAGSKRÁ:

1. Samningur um kaup á Hitaveitu Hjaltadals og yfirtöku Vatnsveitu Hólastaðar.
2. Samningur um sjóveitu.
3. Borunin við Reyki í Hjaltadal.
4. Erindi frá Lilju Pálmadóttur á Hofi.
5. Hitaveitan á Sólgorðum.
6. Staðan í Akrahreppi.
7. Önnur mál.

AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Lagður fram samningur dags. 24. október 2005 á milli Ríkissjóðs og Skagafjarðarveitna ehf. vegna kaupa á Hitaveitu Hjaltadals og yfirtöku Vatnsveitu Hólastaðar. Samningurinn samþykktur og undirritaður.
2. Lagður fram samningur dags. 26. október 2005 á milli Háskólans á Hólum og Skagafjarðarveitna ehf. vegna sjóveitunnar við Verið á Sauðárkróki. Kristján Jónasson endurskoðandi kynnti samninginn. Samningurinn samþykktur, Páli Pálssyni falið að ganga frá samningum.
3. Borun við Reyki í Hjaltadal gengur ágætlega, búið að bora steypa og fódra holuna niður í 156 m..
4. Lagt fram erindi frá Lilju Pálmadóttur á Hofi Höfðaströnd um gamla vatnstankinn sem er í landi Hofis. Páli Pálssyni falið að ganga frá málinu.
5. Páll Pálsson gerði grein fyrir þeim viðræðum sem hafa farið fram á milli fulltrúa Sv. Skagafjarðar, Landbúnaðarráðuneytisins og Skagafjarðarveitna ehf. um eignarhald á Sólgorðum í Fljótum.
6. Páll Pálsson gerði grein fyrir stöðu mála. Suðvinna við stofnlögn líkur í viku, þá verður farið á krafti í að ljúka lagningu á heimtaugum. Töluverð

vinna er enn eftir við borholu á Reykjarhól og dælustöðvar. Stemmt er að áhleyplingu í Akrahreppinn í desember.

7. Önnur mál. Engin

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.55
Egilsson ritari (sign)

Árni

Sigrún Alda Sighvats (sign)
Einar Gíslason (sign)
Gísli Árnason (sign)
Páll Pálsson (sign)